



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

UMBÓTAÁÆTLUN

YTRA MAT



Lokaskýrsla

2018

Skýrsla um verklag og framkvæmd úrbótavinnu í Hraunvallaskóla skólaárið 2017-2018

Úttekt MMS

Haustið 2016 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar úttekt á starfsemi Hraunvallaskóla. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og teymisvinna. Niðurstöður úttektar eru settar fram í [skýrslu](#) sem var birt í febrúar 2017 en kynntar starfsfólki í byrjun janúar. Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta. Hraunvallaskóla fékk því það sérstaka verkefni að vinna að umbótum skólaárið 2017-2018. Það er viðfangsefni þessarar skýrslu að greina frá þeim umbótum sem áttu sér stað og hvernig þær gengu eftir.

Nýtt skipulag á umbótastarfi

Haustið 2017 var tekið upp nýtt skipulag við umbótastarf í Hraunvallaskóla. Það var m.a. gert vegna sjónarmiða sem komu fram í úttekt MMS á Hraunvallaskóla um að mat á skólastarfi væri unnið samkvæmt [Leiðbeiningum um innra mat frá MMS](#). Til að tryggja framkvæmd þess var sérstakt umbótateymi var sett á laggirnar og matsteymi skólans var breytt þannig að í því væru fulltrúar skólasamfélagsins alls. Umbótateymið var skipað öllum stjórnendum í skólanum á samt sérstökum verkefnisstjóra auk þess sem þróunarfulltrúi grunnskóla var ráðgjafi teymisins og sat á fundi þess.

Umbótateymið setti sér ítarlegt verkplan haustið 2017. Í því plani voru umbótaverkefni út frá matsskýrslu MMS um Hraunvallaskóla skilgreind ásamt fleiri umbótaverkefnum. Þá skilgreindi umbótateymið sérstakt vinnulag við verkefni sín og tengslin við skipulagið í skólanum, m.a. skólaráð og matsteymið. Þetta skipulag má sjá í skýringarmynd á bls. 3.

Umbótateymi

Umbótateymi var stofnað í ágúst 2017 sem starfaði reglubundið yfir allt skólaárið til að fylgja eftir þeim ábendingum sem koma í skýrslunni. Í umbótateyminu sitja allir stjórnendur skólans, Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Hjördís Bára Gestsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir, Linda Hrönn Helgadóttir, Ásta Björk Björnsdóttir og Sara Pálmadóttir auk verkefnastjóra teymisins sem var Guðrún Snorradóttir. Einnig starfaði með teyminu ráðgjafi frá skrifstofu fræðslu- og frístundáþjónustu Hafnarfjarðar, Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.

Umbótateymið hélt reglulega fundi yfir skólaárið frá ágúst 2017 til apríl 2018 eða um mánaðarlega. Þar var verkplan úrbótavinnunnar samið og allir stjórnendur skólans höfðu sín verkefni í umbótaáætluninni.

Matsteymi

Matsteymi var einnig stofnað og þar sitja Lars Jóhann Imsland skólastjóri, Guðrún Snorradóttir verkefnastjóri, Kristín Erla Þórsdóttir foreldri, Magnús Róbertsson foreldri, Hjördís Sigurbjartsdóttir foreldri, Benedikt Steinar Benonýsson foreldri, Donna María Skúladóttir nemandi, Elísabet Anna Pétursdóttir nemandi, Svava Dögg Gunnarsdóttir kennari á yngsta stigi, Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir kennari á miðstigi, Kristín Mogensen kennari á unglingsstigi og Rannveig Þórisdóttir stuðningsfulltrúi. Matsteymið hittist reglulega yfir skólaárið til að fylgjast með og fylgja eftir umbótastarfinu.


Unnið að umbótaverkefnum

Umbótateymið hefur haldið vinnufundi á 3-4 vikna fresti allt skólaárið og farið vel yfir alla þætti í umbótaáætluninni og í flestum tilfellum hefur tekist að ljúka þeim eins og lagt var upp með en unnið verður með einstaka þætti áfram eins og tekið er fram í skýrslunni og aðrir þættir eru komnir í ferli en verða endurteknir á hverju ári. Framgangur umbótaáætlunarinnar var kynntur fyrir starfsfólki reglulega á starfsmannafundum og fyrir matsteyminu sem var ráðgefandi aðili í vinnuferlinu.

Sjónarmið um framkvæmdina og árangur umbótastarfsins

Umbótaverkefni vetrarins reyndust umfangsmikil en framkvæmdin var lærdóms- og árangursrík. Fyrirkomulagið veitti yfirsýn á umbótastarfið og gerði okkur meðvitaðri um árangur og framvindu verkefna. Áfram verður því stuðst við það verklag sem mótað var í vetur.

Skýringarmynd um skipulag og verklag umbótavinnunnar skólaárið 2017-2018



Umbótaframkvæmdin

Hér áfram eru kynnt umbótaverkefni fyrir skólaárið og í síðasta dálkinum um framkvæmdina sem varð og hvort verkefni er lokið eða ekki.

	Svið I	Stjórnun					
	MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Abyrgð	Hvenær unnið/lok	Hvernig metið	Framkvæmd (Lokið/ólókið)
Fagleg forysta	Stjórnandinn sem leiðtogi	Að stjórnendur fari reglulega í kennslustundir og veiti ráðgjöf	Reglulegar heimsóknir skólastjórna í kennslustundir á skólaárinu. Gátlisti hafður til hliðsjónar. Endurgjöf til kennara að heimsókn lokinni.	Skólastjóri	Apríl 2018	Rafræn mæling í skólalúsi 2018 (starfsmannakönnun) og upplifun rædd í starfsmannasamtali.	Verkefni lokið Stjórnendur fóru tveir saman og sátu kennslustund hjá öllum kennurum / kennarateymum og áttu samtali eftir hverja heimsókn. Í starfsmannakönnun Skólalúlsins kom fram mikil ánægja með heimsóknirnar og endurgjöfina. Haldið verður áfram með þetta verklag.
	Stjórnun stofnunar	Leita leiða til að ráða kennara með lögbundna menntun	Haldið verður áfram að auglýsinga í landsblöðum og heimasíðu Hafnarfjarðar. Leitað verður aðstoðar hjá Fræðslustjóra, mannauðsstjóra og upplýsingastjóra bæjarins.	Skólastjóri	Sept. 2017	Samanburður að hausti þar sem hlutfall leiðbeinenda og grunnskólakennara eru borið saman.	Verkefni lokið Leitast var við að ráða kennara til starfa til að fækka skólaárið 2018-2019.
	Faglegt samstarf	Fjölga heildar starfsmanna-fundum	Heildarstarfsmannfundir settir inn í fundarplan skólans sem gildir fyrir hvert skólaár þar sem kemur fram að slíkir fundir séu a.m.k. 3x yfir skólaárið.	Skólastjórn endur	Júní 2018	Rafræn mæling í Skólalúsi 2018 (starfsannakönnun) og spurt um í starfsmannasamtölum	Verkefni lokið Heildarstarfsmannafundum var fjölgað í 3 og fundir fóru fram eftir nýju skipulagi samkvæmt áætlun.
	Faglegt samstarf	Gera heildstætt ferli samskipta leik- og grunnskóla	Samvinna og ferli listað upp og gert aðgengilegt í starfsáætlun og á heimasíðu.	Deildarstjóri yngsta stigs	Okt. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Ferli var listað upp og sett í starfsáætlun í október sem birt er á heimasíðu skólans og var kynnt starfsmönnum í nóvember.
	Skólaþróun	Setja fram í símenntunar-áætlun hvernig starfsmenn geti sótt sér símenntun	Leiðbeiningar unnar og settar fram í símenntunaráætlun og starfsáætlun skólans. Ferli kynnt á starfsmannafundi.	Skólastjóri	Okt. 2018	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Verkefnið unnið í starfsáætlun í október og kynnt fyrir starfsmönnum. Starfsáætlun er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Stefnumótun og skipulag	Starfs- áætlun og skipulag	Huga að því að starfsmenn taki þátt í uppfærslu starfsáætlunar	Starfsáætlun og skólanámskrá uppfærð í samvinnu við starfsmenn að hausti. Skipulag útfært í Verkáætlun um teymisvinnu	Skólastjóri	Okt. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Drög að starfsáætlun voru kynnt á deildarfundum í september og kallað eftir ábendingum. Boðið var upp á „opinn tíma“ þar sem starfsfólki gafst kostur á að koma með ábendingar eða ræða ákveðna þætti. Fullbúin starfsáætlun var kynnt fyrir starfsmönnum og foreldrum í nóvember. Aðgengileg á heimasíðu skólans.
	Starfs- áætlun og skipulag	Að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólanámskrár	Leitað eftir ábendingum frá hagsmunaaðilum þegar endurskoðun fer af stað. Skipulag mótað með matsteymi skólans sem á fulltrúa frá öllum hagsmunaaðilum.	Skólastjóri	Sept. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Óskað var eftir ábendingum frá skólaráði, foreldrafélagi og matsteymi í október og unnið úr þeim í nóvember og gengið frá skólanámskrá og birt á heimasíðu skólans.
	Verklags- reglur og áætlanir	Hafa nemendur í ráðum þegar mótaðar eru almennar skólareglur	Endurskoðun á skólareglum er ekki fyrirhuguð á næstunni. Komi til þess verður nemendum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að hafa áhrif á mótun þeirra.	Skólastjóri	Jan. 2018	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Bætt var við reglum um snjalltæki . Unnið í samráði við hagsmunaaðila.
	Verklags- reglur og áætlanir	Gera árlega áætlun þar sem sjá má hvernig skólinn nýtir sérkennslu, stuðning og aðra stoðþjónustu	Áætlun unnin og sett fram í starfsáætlun skólans og á heimasíðu. Ferli kynnt á starfsmannafundi.	Deildar- stjóri stoðþjón- ustu	Nóv. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Unnið var að skipulagi stoðþjónustu að hausti og skrifleg áætlun sett í starfsáætlun sem kynnt var starfsmönnum í nóvember og birt á heimasíðu skólans.
Samskipti heimila og	Skólaráð, foreldrafélag	Kjósa nemendur í skólaráð til 2 ára í senn	Kosið í skólaráð til tveggja ára í senn samhliða kosningum í nemendaráð.	Skólastjóri og deildarstjóri tómsundamíðstöðvar	Sept. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Fulltrúar voru kosnir í skólabyrjun. Sjá heimasíðu skólans.

Skólaráð, foreldrafélag	Leita leiða til að efla samstarfið enn frekar	Samvinna og samstarf skóla og foreldrafélags formgert betur og starfsáætlun unnin í samvinnu við stjórn foreldrafélagsins.	Skólastjóri og formaður foreldrafélags	Apríl 2018	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Fræðsla fyrir kennara að hausti frá Heimili og skóla. Vinnufundur með foreldrafélagi í janúar þar sem stjórn foreldrafélags og deildarstjórar settu fram markmið um aukið samstarf. Hringt var í foreldra til að fjölga bekkjartenglum í árgöngum. Fræðslufundur haldinn 19.02. 2018 í samstarfi við Heimili og skóla fyrir bekkjartengla og umsjónarkennara og honum fylgt eftir með fundum árganga að vori þar sem skipulag næsta skólaárs var ákveðið.
Þátttaka foreldra í skólastarfinu og upplýsingamiðlun	Samræma upplýsingagjöf til foreldra gegnum Mentor	Farið yfir upplýsingagjöf í hverri deild og samræmt milli deilda eins og kostur er. Farið yfir námsmat í mentor með foreldrum á samtalsdegi í janúar 2018	Deildarstjórar	Jan. 2018	Metið lokið eða ólokið.	Verkefni lokið Kennarar senda vikubréf til foreldra í mentor. Ástundun er send vikulega heim í unglingsdeild og mánaðarlega í yngri- og miðdeild. Farið var yfir námsmat í Mentor á samtalsdegi í janúar.
Þátttaka foreldra í skólastarfinu og upplýsingamiðlun	Leita leiða til að fá hugmyndir og tillögur frá foreldrum um skólastarfið	Unnið í samstarfi við matsteymi skólans, stjórn foreldrafélagsins og starfsmenn skólans. Fundir á vorönn með bekkjartenglum og umsjónarkennurum.	Skólastjóri og formaður foreldrafélagsins.	Maí 2018	Metið lokið eða ólokið.	Verkefni lokið Umbótastarf var kynnt í nóvember og fræðsla skipulögð m.t.t. ábendinga; Fræðsla um nýtt námsmat fór fram í desember. Íþad kennsla fyrir foreldra og nemendur fór fram í des. Fræðslufundur fyrir bekkjartengla og umsjónarkennara var haldinn í febrúar.

	Svið 2	Nám og kennsla					
	MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Abyrgð	Lokið	Hvernig metið	Framkvæmd (Lokið/ólókið)
Nám og námsaðstæður	Inntak og árangur	Kynna bekkjarnámskrár fyrir nemendum og foreldrum svo þeir verði virkir í námi nemenda	Bekkjarnámskrár kynntar sérstaklega á skólakynningum að hausti fyrir foreldrum. Umsjónarkennarar kynna námsvísa fyrir nemendum sínum í upphafi skólaárs í umsjónartímum. Allt með það að markmiði að til að hvetja foreldra og nemendur til að nota bekkjarnámskrá með markvissum hætti.	Stjórn-endur og umsjónar-kennarar	Nóv. 2017	Metið lokið eða ólokið.	Verkefni lokið Bekkjarnámskrár voru kynntar að hausti fyrir alla árganga. Rafræn dreifing og bent á skólanámskrána á heimasíðu skólans.
	Inntak og árangur	Leita allra leiða til að auka árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum	Unnið áfram eftir umbótaáætlun um bættan árangur á samræmdum prófum. Fylgt eftir áherslum í læsisstefnu skólans og lestrarstefnu Hafnarfjarðar „Lestur er lífsins leikur“	Stjórn-endur	Júní 2018	Niðurstöður á samræmdum prófum bornar saman milli ára	Verkefni lokið Niðurstöður samræmdra prófa voru greindar og ígrundaðar með umsjónarkennurum þeirra árganga sem tóku próf og íhlutun skipulögð í kjölfarið.
	Skipulag náms og náms-umhverfi	Gera heildstæða tímasetta áætlun um samskipti grunn- og leikskóla á skólaárinu	Samvinna og ferli listað upp og gert aðgengilegt í starfsáætlun og á heimasíðu.	Deildarstjóri yngsta stigs	Okt. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Ferli var listað upp strax að hausti og birt í starfsáætlun sem aðgengileg er á heimasíðu skólans.
	Skipulag náms og náms-umhverfi	Leita leiða til að minnka þrengsli á svæðum til að koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda	Skipulag næsta skólárs unnið með þessi sjónarmið að leiðarljósi. Samráð við kennara um útfærslur.	Stjórn-endur	Sept. 2017	Rafræn mæling í Starfsmannakönnun Skólaláupsins 2018	Verkefni lokið Skipulag unnið í upphafi skólaárs og komið á móts við stærðir og þarfir árganga eins og hægt var. Mælingar á starfsumhverfi og vinnuaðstæðum í Skólaláupsí sýna bættu niðurstöðu vorið 2018.
	Skipulag náms og náms-umhverfi	Hafa regluleg nemendasamtöl á öllum skólastigum	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara.	Stjórn-endur og umsjónar-kennarar	Júní 2018	Árangur metinn í lok skólaárs á deildarfundum stiga	Verkefni lokið Nemendasamtöl voru í öllum árgöngum í unglingadeild og í miðdeild en eru í undirbúningi í yngri deild. Þar eru málin rædd reglulega í heimakrók.

Kennslu-hættir og gæði kennslu	Auka fjölbreytni kennsluhátta (meiri leiðbeinandi kennslu)	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórn-endur og kennarar	Júní 2018	Árangur metinn á deildar-og teymisfundum. Rafræn mæling í Skólapúlsi 2018 (Nemendakönnun)	Verkefni lokið Halðið var námskeið fyrir kennara í september. Hæfniviðið voru gerð sýnileg á öllum vinnu-svæðum nemenda. Unnið verður áfram að því að auka fjölbreytni í kennsluháttum út frá mati kennara og nemenda.
Kennslu-hættir og gæði kennslu	Auka umræður og skoðanaskipti í kennslustundum og efla gagnrýna hugsun	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórn-endur og kennarar	Júní 2018	Árangur metinn á deildar-og teymisfundum. Rafræn mæling í Skólapúlsi 2018 (Nemendakönnun)	Verkefni lokið Áhersla á umræður og skoðanaskipti voru aukin í kennslu í þematímum (náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni) í unglingadeild. Umræður í heimakrök á öðrum stigum.
Kennslu-hættir og gæði kennslu	Auka samvinnu nemenda á öllum skólastigum	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórn-endur og kennarar	Júní 2018	Árangur metinn í lok skólaárs á deildar-fundum stiga. Rafræn mæling í Skólapúlsi 2018 (Nemendakönnun)	Verkefni lokið Vinaliðaverkefnið sem innleitt hefur verið í yngri- og miðdeild, tengir saman nemendur mismunandi árganga í gegnum leik. Unnið var markvisst með vinabekki í vinaviku í nóv. í tengslum við Erasmus verkefni GCF. Árgöngum var blandað saman á jólaböllum. Á Hraunvallaleikum í mars var skipt í hópa þvert á alla árganga og elstu nemendur voru hópstjórar. Nemendur 6. bekkja tóku þátt í útskrift elstu barna leikskólans.
Kennslu-hættir og gæði kennslu	Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum /hæfniviðmiðum kennslustunda og náms í heild sinni	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórn-endur og kennarar	Júní 2018	Árangur metinn í lok skólaárs á deildar-fundum. Rafræn mæling í Skólapúlsi 2018 (Nemendakönnun)	Verkefni lokið Markviss fræðsla og þróunarstarf kennara fór fram í vetur, kennarar kynntu markmið / hæfniviðið fyrir nemendum og gerðu þau sýnileg.

	Kennslu-hættir og gæði kennslu	Þróa parakennslu og marvisst samstarf kennara í kennslustundum út frá teymisvinnu kennara	Verkefnið yfirfarið í Verkáætlun um teymisvinnu og kynnt fyrir umsjónarkennurum	Deildarstjórar	Júní 2018	Árangur metinn í starfsmannasamtölum.	Verkefni lokið Deildarstjórar á yngstu- og miðdeild funduðu mánaðarlega með sínum teyllum og veittu ráðgjöf og stuðning við parakennslu.
	Kennslu-hættir og námsvitund	Huga að því að nám nemenda á öllum stigum taki mið af áhugasviði þeirra	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórnendur og kennarar	Júní 2018	Rætt og metið á deildar- og teymisfundum.	Verkefni lokið Hraunvallaleikar voru haldnir í mars og þá fara nemendur á 60 mismunandi stöðvar. Í skólalok unnu nemendur þema- og áhugasviðsverkefni sem lauk með opnu húsi 18. maí.
	Kennslu-hættir og námsvitund	Nýta upplýsingatækni á öllum stigum til að koma til móts við ólíkar þarfir og auka fjölbreytni	Haldið áfram að efla kennslu í upplýsingatækni í skólanum undir stjórn verkefnastjóra UT	Skólastjóri og verkefnastjóri UT	Júní 2018	Rafræn mæling í Skólapúlssi 2018 (nemendakönnun)	Verkefni lokið Markviss kennsla í upplýsingatækni fór fram í 1.-10. bekk. Google GSuite for Education var innleitt og fjölbreytt öpp notuð í kennslu. UT-verkefnastjóri hélt fjölbreytt námskeið fyrir kennara um iPad notkun, google drive o.fl.
Þátttaka og ábyrgð nemenda	Lýðræðisleg vinnubrögð	Kjóra í skólaráð með lýðræðislegum hætti til tveggja ára í senn.	Kosið í skólaráð til tveggja ára í senn samhliða kosningum í nemendaráð.	Skólastjóri og deildarstjóri tómsunda-miðstöðvar	Sept. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Kosið var í skólaráð til tveggja ára í skólabyrjun. Sjá heimasiðu skólans.
	Ábyrgð og þátttaka	Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum náms að hluta og í heild	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórnendur og kennarar	Júní 2018	Árangur metinn á deildar- og teymisfundum	Verkefni lokið Markviss fræðsla og þróunarstarf kennara fór fram í vetur, kennarar kynntu markmið / hæfniviðmið fyrir nemendum og gerðu þau sýnileg.
	Ábyrgð og þátttaka	Hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskrár m.t.t. aldurs	Ferli um gerð einstaklingsnámskrár endurskoðað með það að leiðarljósi að hlutdeild nemenda sé tryggð.	Deildarstjóri stoðþjónustu	Nóv. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Ferli um einstaklingsnámskrár var endurskoðað með það að leiðarljósi að gera nemendur meðvitaðri um eigin hæfniviðmið.

Námsaðlögun	Nám við allra hæfi	Leitast við að nemendur fái verkefni sem endurspeglar áhugasvið þeirra	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórnendur og kennarar	Júní 2018	Rýnihópur nemenda og kennara	Verkefni lokið Í tengslum við eflingu upplýsingatækni í mið- og unglíngadeild er lögð áhersla á að nemendur hafi val um mismunandi útfærslur á verkefnaskilum. Í skólalok unnu nemendur þema- og áhugasviðsverkefni sem lauk með opnu húsi 18. maí.
	Nám við allra hæfi	Huga að fjölbreyttari leiðum til að taka á málum nemenda með erfiða hegðun	Hegðunarver sett á laggirnar fyrir næsta skólár. Að auki verður félagsráðgjafi til stuðnings við málefnið.	Skólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu	Sept. 2017	Árangur metinn í lok skólaárs á teymisfundum og fundum nemendaverndarráðs.	Verkefni lokið Hegðunarathvarf var stofnað í ágúst og verklag skipulagt. Verklagið var kynnt og starfssemi hófst í september. Félagsráðgjafi hóf störf í haust. Sjá heimasiðu skólans.
	Stuðningur við nám	Gæta þess að allir nemendur fái krefjandi nám við hæfi	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórnendur og kennarar	Júní 2018	Árangur metinn í lok skólaárs á deildarfundum.	Verkefni lokið Fjölbreytni í kennslu- og námsaðferðum var aukið með innleiðingu íþada í unglíngadeild og áherslu á fræðslu um upplýsingatækni í öllum deildum. Vinna með hæfniviðmið í öllum deildum gerði nemendur meðvitaðri um eigin stöðu og hæfni. Þema- og áhugasviðsverkefni voru unnin að vori í öllum deildum. Unnið var samkvæmt lestrarstefnu skólans og Hafnarfjarðar þar sem fylgst var með árangri og framförum nemenda og áhersla lögð á að þeir hefðu námsefni við hæfi.
	Stuðningur við nám	Skrá og birta hver heldur utan um sérkennslu og annan stuðning og hvernig þjónustan er skipulögð	Upplýsingar settar fram í starfsáætlun skólans og á heimasiðu. Kynnt á starfsmannafundi.	Deildarstjóri stoðþjónustu	Des. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Uppfært og sett í starfsáætlun sem birt var á heimasiðu skólans í nóv.

	Svið 3	Innra mat					
	MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Abyrgð	Lokið	Hvernig metið	Framkvæmd (Lokið/ólokið)
Framkvæmd innra mats	Framkvæmd	Geta þess hverjir leiða vinnu um innra mat skólans	Upplýsingum bætt inn í starfsáætlun skólans og heimasíðu	Skólastjóri og mats-teymi	Sept. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Umbótateymi var stofnað í ágúst og umbótaáætlun unnin í sept. Umbótaáætlun, umbótateymi og matsteymi var kynnt í okt. og sett í starfsáætlun og á heimasíðu skólans.
	Markmiðabundið	Gera langtímaáætlun um innra mat þar sem fram kemur að allir þættir skólanámskrár séu metnir	Umbótaáætlun endurskoðuð með það að markmiði að allir þættir skólastarfsins séu metnir á 3-5 ára fresti.	Skólastjóri og mats-teymi	Júní 2018	Árangur metin í lok skólaárs með matsteymi.	Verkefni lokið Langtímaáætlun var tilbúin í í október og umbótateymi hittist reglulega og fylgdi eftir verkefnum. Kynnt í starfsáætlun skólans.
	Samstarfs miðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Skipa matsteymi þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila eiga aðild	Matsteymi skipað með öllum hagsmunaaðilum. Starfið skipulagt í anda skólaráðs.	Skólastjóri	Sept. 2017	Metið lokið eða ólokið	Verkefni lokið Skipulag og verklag var ákveðið í ágúst og matsteymi skipað í sept. Fjórir fundir voru haldnir á skólaárinu.
Umbótastarf í kjölfar innra mats	Umbótamiðað	Kynna niðurstöður úr innra mati með formlegum hætti fyrir foreldrum og nemendum	Reglulegir upplýsingafundir verða útlistaðir í starfsáætlun matsteymis	Skólastjóri og mats-teymi	Júní. 2018	Árangur metin í lok skólaárs með matsteymi.	Verkefni lokið Matsteymi fundaði fjórum sinnum á skólaárinu. Niðurstöður voru kynntar í Skólaráði og haldinn var upplýsingafundur í nóv. sem opinn var öllum foreldrum. Sjá nánar á heimasíðu skólans.
	Birting	Birta umbótaáætlun skólans á heimasíðu	Umbótaáætlun birtist í starfsáætlun skólans sem er á heimasíðu skólans. Að auki verður öðrum gögnum sem tengast umbótastarfi bætt við á sérstökum tengli á heimasíðu	Skólastjóri og mats-teymi	Nóv. 2017	Árangur metin í lok skólaárs með matsteymi.	Verkefni lokið Umbótaáætlun var birt í starfsáætlun sem fór á heimasíðu skólans í nóvember. Einnig var umbótaáætlun birt sérstaklega á heimasíðu skólans.

Árangursmat	Tilgreina í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða	Umbótaáætlun endurskoðuð með það að markmiði að bæta þessa þætti.	Skólastjóri og mats-teymi	Júní 2018	Árangur metinn í lok skólaárs með matsteymi.	Verkefni lokið Umbótaáætlun var endurskoðuð og skilgreint hvernig mat fer fram. Sjá heimasíðu skólans.
-------------	--	---	---------------------------	-----------	--	--

Svið 4 Teymisvinna							
	MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Tillögur sveitarfélags og skóla að umbótum	Abyrgð	Lokið	Hvernig metið	Framkvæmd (Lokið/ólokið)
Teymisvinna	Teymisvinna ----- ----- Teymiskennsla	Hafa reglubundna fræðslu og ráðgjöf til kennara um teymisvinnu og teymiskennslu, sérstaklega til nýliða	Verkefnið verður útfært í Verkáætlun um teymisvinnu sem kynnt er að hausti fyrir öllum kennurum.	Aðstoðarskólastjóri	Júní 2018	Árangur metinn í lok skólaárs með umbótateymi.	Verkefni lokið Verkáætlun um teymisvinnu var kynnt í ágúst og allir nýliðar voru komnir með leiðsögukenndu í sept. Stuðningur og eftirfylgni var á reglubundnum teymisfundum.
	Teymisvinna ----- ----- Teymiskennsla	Tryggja eins og kostur er stöðugleika og í störfum umsjónar-kennara og leita leiða til að draga úr starfsmannaveltu	Haldið áfram með úrbótavinnu sem snýr að því að bæta starfsaðstöðu og starfsumhverfi. Birtist í umbótaáætlun skólans	Skólastjóri	Júní 2018	Árangur metinn í lok skólaárs með umbótateymi.	Verkefni lokið Nýliðasamtöl voru í nóv. og des. og starfsmannasamtöl í jan. og feb. Innlit og endurgjöf stjórnenda í kennslu var aukið. Fundaskipulagi var breytt til að auka stuðning og endurgjöf til kennarateyma. Bætt var við stöðugildi aðstoðarskólastjóra.
	Teymisvinna	Leita leiða til að draga úr forföllum og tryggja að þau séu leyst með öruggum hætti	Unnið í samvinnu við mannauðsstjóra Hafnarfjarðar	Skólastjóri	Júní 2018	Árangur metinn í lok skólaárs með umbótateymi.	Verkefni lokið Auglýst var eftir forfallakennurum til starfa og áhersla lögð á að manna forföll eins og kostur var.
	Teymiskennsla ----- ----- para-kennsla	Nýta teymiskennslu til að skapa fjölbreytta kennsluhætti, hópa-skiptingu og efla samvinnu nemenda	Verkefnið undirbúið og útfært eftir hugmyndum og ábendingum kennara. Fengin verður fræðsla og stuðningur utan skóla til að ná betur fram markmiðum	Stjórn-endur og kennarar	Júní 2018	Árangur metin í lok skólaárs á deildar- og teymisfundum.	Verkefni lokið Unnið var samkvæmt verkáætlun um teymisvinnu.

Teymis- kennsla ----- para- kennsla	Kynna markvisst fyrir foreldrum stefnu skólans um teymis-kennslu	Kynnt á skólakynningum að hausti og á reglulegum upplýsingafundum sem verða útlistaðir í starfsáætlun skólans.	Skólastjóri	Apríl 2018	Árangur metinn með matsteymi í lok skólars.	Verkefni lokið Kynnt á skólakynningum árganga og í starfsáætlun sem birt er á heimasíðu skólans.
Tengsl stjórnenda og teyma	Tryggja enn frekar tengsl stjórnenda og teyma, t.d. með heimsóknnum í kennslustundir og þátttöku í teymisfundum	Reglulegar heimsóknir skólastjórnenda í kennslustundir á skólaárinu. Gátlisti hafður til hliðsjónar. Endurgjöf til kennara að heimsókn lokinni.	Skólastjóri	Apríl 2018	Rafræn mæling í skólapúlsi 2018 (starfsmannakönnun) og upplifun rædd í starfsmannasamtali.	Verkefni lokið Stjórnendur fóru tveir saman og sátu kennslustund hjá öllum kennurum / kennarateymum og áttu samtal eftir hverja heimsókn. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins kom fram mikil ánægja með heimsóknirnar og endurgjöfina. Haldið verður áfram með þetta verklag. Deildarstjórar funduðu ýmist með árgangateymum og deildum.

Lokaorð

Vinna við umbótastarf í Hraunvallaskóla hefur verið stór hluti af skólastarfinu í vetur. Sú umbótavinna sem ráðist var í var yfirgripsmikil og tímafrek en ferlið hefur verið lærdómsríkt og árangursríkt á mót. Mótað hefur verið verklag sem komið er til að vera og áfram mun umbótastarf vera stór hluti af skólastarfi í Hraunvallaskóla enda á innra mat að vera í sífelldri þróun rétt eins og skólastarfið sjálft. Ég vil að lokum þakka öllu því góða fólki sem komið hefur að umbótastarfi vetrarins. Án þeirra hefði ekki verið hægt að ná fram þeim nauðsynlegu umbótum sem kveðið var á um.

Hafnarfirði 15. júní 2018


Lars Jóhann Imsland, skólastjóri